

Staða og næstu skref vegna Garðahverfis - verndarsvæðis í byggð

Til : Erla Bil Bjarnardóttir
Frá : halldora@alta.is
Heiti : Staða og næstu skref vegna Garðahverfis - verndarsvæðis í byggð
Málsnúmer : 1606484
Málsaðili : Minjastofnun Íslands
Skráð dags : 14.12.2016 12:02:29
Höfundur : halldora@alta.is

Sæl Erla Bil.

Hér set ég niður örstutt stöðu mála og næstu skref:

- Tillaga Alta að samtengingu á milli nágildandi deiliskipulags og upplýsinga sem vinna þarf til að Garðahverfi geti orðið verndarsvæði í byggð, liggur fyrir í drögum. Sjá [hér tengil inní docs skjal](#).
 - Um leið og þið Matthildur hafið lesið þetta yfir og eruð orðnar sáttar, þá mun ég senda minnisblaðið á Guðnýju Gerði og Oddgeir. Það verður í síðasta lagi á föstudaginn kemur. Ég fæ þau til að lesa minnisblaðið yfir í "drögum", áður en það fer til forsætisráðuneytisins.
 - Í frh. heyri ég í henni Guðnýju Gerði hvenær hún telur að hún geti verið komin með viðbrögð frá forsætisráðuneytinu. Vonandi í síðasta lagi í byrjun janúar.
- Þegar við höfum heyrt frá forsætisráðuneytinu, þá getum við endanlega áætlað þann fjölda vinnustunda sem mun fara í að útbúa tillögu og greinargerð með.
- Ég mun vinna drög að verkefnislýsingu, með helstu verkþáttum sem verður tilbúin fyrir áramótin og þá samningi við Alta. Við munum geta lokið henni þegar niðurstaðan liggur fyrir frá ráðuneytinu, því þá sjáum við hve margar vinnustundir við þurfum í að útbúa gögnin (sem mér finnst vera að mestu leyti tilbúin... þ.e. greinargerðin...
- Við getum byrjað á því að vinna tillöguna núna í desember - byrjun janúar og stefnum að því að hún geti verið tilbúin í lok janúar. Það verður ekki hægt að ljúka henni fyrr en við fáum úrskurð ráðuneytisins.

Þetta er það helsta sem ég man eftir. Gangi þér vel á fundinum á eftir og farðu vel með þig :)

Ég heyri frá þér þegar þú hefur lesið greinargerðina yfir. Þú getur skrifað inn texta eins og þú vilt og þarft ekkert að vista -Hann Gúggúll sér um vistun... Líka ef þú setur bendilinn inní skjalið og ýtir á insert - þá finnur þú comments þar undir og getur skrifað comment.

Kær kveðja
Halldóra

Halldóra Hreggviðsdóttir ráðgjafi / consultant
Framkvæmdastjóri / General Manager

Alta ehf // 354 582 5000 // 354 899 9549
www.alta.is // Alta á Facebook

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03 2026